

Fundargerð 70. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn á Teams, 19. apríl 2021, kl. 13:00

Dagskrá:

1. **Áhersluverkefni Austurlands**
2. **Sýslumenn: Framtíðarsýn; umbætur á þjónustu og rekstri**
3. **Teymi atvinnuþróunar og byggðamála í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti**
4. **Endurskoðun byggðaáætlunar. Drög að hvítbók**

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (SRN), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Anna Katrín Einarsdóttir (ANR, fór 13:45), Árni Freyr Stefánsson (SRN), Baldur Þ. Guðmundsson (MRN), Bryndís Eiríksdóttir (ANR), Bryndís Þorvaldsdóttir (HRN), Guðmundur Bjarni Ragnarsson (DMR), Karl Björnsson (Sambandinu), Magnús Örn Agnesar Sigurðsson (UAR), Pétur Berg Matthíasson (FOR), Þór Þórarinnsson (FRN), Þórarinn V. Sólmundarson (MRN), Sigríður Ó. Kristjánsdóttir (landshlutasamtökunum), Reinhard Reynisson (Byggðastofnun) og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Fjarverandi: Hrund Hafteinsdóttir (UTN).

Umfjöllun og afgreiðsla:

Formaður bauð nýjan fulltrúa UAR, Magnús Örn Agnesar Sigurðsson, velkominn í stýrihópinn, en hann kemur í stað Björns Helga Barkarsonar.

Lið 2 og 3 var víxlað m.v. áður boðaða dagskrá.

1. **Áhersluverkefni Austurlands**
Þessi liður á dagskránni féll niður þar sem áhersluverkefni SSA ársins 2021 hafa ekki borist.

2. **Teymi atvinnuþróunar og byggðamála í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti (ANR)**
Anna Katrín (ANR) og Bryndís (ANR) kynntu tillögu sína að nýju teymi atvinnuþróunar og byggðamála í ANR, sem hefur það að markmiði að skapa bakland fyrir umræðu byggðamála innan ráðuneytisins og vera fulltrúum ráðuneytisins í stýrihópnum til stuðnings. Teymið verður skipað fulltrúum allra skrifstofa ráðuneytisins. Nokkrar umræður urðu um teymið og almenn ánægja með framtakið. Rætt var um hvernig slíkt teymi geti orðið til fyrirmyndar í fleiri ráðuneytum.

3. **Sýslumenn: Framtíðarsýn; umbætur á þjónustu og rekstri**
Guðmundur Bjarni (DMR) kynnti skýrslu ráðuneytisins um framtíðarsýn sýslumannsembætta á þjónustu og rekstri sem út kom í mars sl. í tengslum við vinnu við endurmat útgjalda og það markmið ráðuneytisins að bæta þjónustu við almenning. Slóð á skýrsluna var send fyrir fundinn svo stýrihópurinn gæti kynnt sér hana. Í skýrslunni er m.a. komið inn á hvernig efla megi sýslumannsembættin sem þjónustumiðstöðvar stjórnsýslu ríkisins í héraði til að tryggja gott aðgengi að opinberri þjónustu. Nokkrar umræður urðu um þennan lið og ánægja með skýrsluna og þá hugsun sem þar birtist varðandi breytingar á starfi sýslumannsembættanna.

4. **Endurskoðun byggðaáætlunar. Drög að hvítbók**

Formaður og Reinhard fóru yfir stöðu mála, en fyrir fund voru drögin send á hópinn. Aðgerðir í hvítbókinni eru yfir fjörutíu talsins og öll ráðuneyti eru í ábyrgð fyrir að minnsta kosti einni aðgerð. Talsverðar umræður urðu um þennan lið og formaður óskaði eftir að sendar yrðu ábendingar í tölvupósti. Drögin á á senda til rýni til landshlutasamtaka sveitarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga í vikunni og samráðsfundir haldnir í kjölfarið í lok mánaðar. Eftir það fer hvítbókin í samráðsgáttina og þaðan sem þingsályktunartillaga fyrir Alþingi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:40. Næsti fundur verður þann 10. maí.